

Miðvikudaginn 24. janúar 1996.

Nr. 43/1996.

Sýslumaðurinn á Akranesi

gegn

X

(Örn Gunnarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. janúar 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili skaut málinu einnig til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1996. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur frá 21. janúar 1996 að telja. Til vara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Sóknaraðili reisir kröfu sína á 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 og einnig, að því er virðist, á a-lið 1. mgr. sömu greinar.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, beinist grunur að varnaraðila um að hafa í félagi við þrjár unglingsstúlkur ráðist að 16 ára stúlku og veitt henni lífshættulega áverka aðfaranótt 20. janúar 1996 á Akranesi. Varnaraðili og umræddar stúlkur hafa allar játað aðild sína að verknadini. Rannsókn málsins er því vel á veg kominn og ekki þörf á gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila vegna rannsóknarhagsmuna, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Á hinn bóginn liggur fyrir sterkur grunur um, að varnaraðili hafi gerst sek um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Samkvæmt gögnum málsins var líkamsárásin tilefnislaus og hrottafengin. Þykir því fullnægt skilyrð-

um 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til sunnudagsins 4. febrúar nk. kl. 15.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, X, sæti gæsluvarðhaldi allt til sunnudagsins 4. febrúar 1996 kl. 15.00.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 21. janúar 1996.

Lögreglustjórinn á Akranesi hefur krafist þess, að X, f. 1977 . . . , Akranesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um lagarök vísar lögreglustjóri til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Málavextir.

Að morgni laugardagsins 20. janúar sl. tilkynnti faðir I, fæddrar 1979, lögreglunni á Akranesi, að I hefði þá um morguninn verið flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur að beiðni lækna á Sjúkrahúsi Akraness vegna meiðsla, er I hafði hlotið þá um nóttina. Talið var, að kærða og þrjár aðrar stúlkur hefðu veitt I áverkana, og voru þær í framhaldi af því teknar til yfirheyrslu hjá lögreglu. Í læknisvottorði, dags. 20. janúar sl., um meiðsl I kemur fram, að höfuðáverki, sem hún hlaut, hafi verið lífshættulegur og hún verið mjög hætt komin, þegar hún kom á Sjúkrahús Reykjavíkur, en þá var hún strax send í aðgerð.

Kærða hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa tekið þátt í árás á hina slösuðu, I, aðfaranótt laugardagsins 20. janúar sl. Kærða hefur viðurkennt, að hún hafi veitt I „hnéspark“, þ. e. rífið í hár og keyrt höfuð hennar niður og lamið höfðinu í fót sér fyrir ofan hné. Kærða kvaðst aðeins hafa lyft fæti sínum, en ekki sparkað honum á móti höfði I.

Framburð kærðu um þátt hennar í árásinni að öðru leyti en hvað varðar ofangreint „hnéspark“ ber ekki að öllu leyti saman við framburð annarra kærðu eða vitna.

Kærða er grunuð um að hafa átt þátt í mjög alvarlegum líkamsmeiðingum og þar með um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Málið sætir nú frumrannsókn hjá lögreglu, og enn er eftir að yfirheyra hinar kærðu stúlkur enn frekar svo og hugsanleg vitni. Þykir hætta á, að kærða geti torvelað rannsókn málsins, verði hún frjáls ferða sinna. Með vísan til þess svo og a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að kærða sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn 31. janúar 1996.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, X [...], sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 15.00 miðvikudaginn
31. janúar 1996.
